



*Verðmenntaskóli Austurlands*

# *Ársskýrsla*



# *2012*

## Efnisyfirlit:

1. Inngangur.....	bls.2
2. Nemendafjöldi, kennslumagn, námsframboð.....	bls.3
3. Starfsmannahald.....	bls.5
4. Framkvæmd skólasamnings/ársreikningur.....	bls.5
5. Sjálfsmat.....	bls.6
6. Endurbætur á húsakynnum.....	bls.7
7. Áherslur í kennslu og starfssemi skólans.....	bls.7
8. Brautskráning.....	bls.8
9. Heimavist.....	bls.8
10. Lokaorð.....	bls.9

## 1. Inngangur

Starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands í Fjarðabyggð var fjölbreytt árið 2012 eins og endranær. Nemendafjöldi var 187 á haustönn og 262 nemendur á vorönn 2012 (sjá 2. kafla). Meðaltal 224 nem á ársgrundvelli. Við skólann störfuðu á árinu 42 starfsmenn í 31,7 stöðugildum (sjá 3. kafla).

Höfðustóll í árslok var 21.802 millj. og greiðslustaða við ríkissjóð 4.992 millj. (sjá 4. kafla).

Innra mat skólans var unnið skv. þriggja ára sjálfsmatsáætlun sem lauk haustið 2012 (sjá 5. kafla).

Endurnýjun á húsnæði skólans hélt áfram á árinu 2012. (sjá 6. kafla) .

Skólahald á vorönn 2012 var í föstum skorðum, byggt á námsframboði skólaársins (sjá skiptingu á brautir í 2. kafla).

Skólameistaraskipti urðu á árinu 2012. Olga Lísu Garðarsdóttir sótti um námsleyfi og fékk það. Þá var settur til eins árs Þórður Júlíusson kennari við skólann til 33 ára. Síðan ætlaðist það svo að Olga Lísu nýtti ekki leyfið en tók við stöðu skólameistara við Fjölbrautarskóla Suðurlands. Því var staða skólameistara VA auglýst til næstu 5 ára í febrúar 2013. Þórður sótti ekki um þá stöðu svo nýr skólameistari sest í stólinn 1. ágúst 2013.

Unnið var nokkuð að innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla 92/2008. Unnið var markvisst í ritun almenna hluta skólanámskrár VA sem nú liggur fyrir á heimasíðu skólans. Lítið miðaði hins vegar í innleiðingu laganna hvað varðar nýjar námsbrautir m.a. vegna ósættis við Kennarasamband Íslands um vinnuframlag kennara.

Skólasamningur VA við Mennta- og Menningarmálaráðuneytið rann út í lok árs 2012. Unnið var að gerð nýs samnings á haustdögum og hann leit dagsins ljós í mars 2013. Hann er til þriggja ára eins og sá fyrri. Í þessum samningi er lögð þung áhersla á kynningu skólans með það að markmiði að fjölga nemendum, ekki síst í verkgreinanámi. Starfsemi skólans á skólaárinu 2012 – 2013 markaðist því töluvert af þessum áherslum. Útrás var á mörgum sviðum í skólanum s.s. í skipulagi náms, í einstökum kennslugreinum og í kynningu. Til að styðja við þetta markmið þá leit ný heimasíða dagsins ljós um áramót 2012 – 2013, skipulagður var „Tæknidagur fjölskyldunnar“ 16. mars 2013 í samvinnu við Austurbrú og Háskólann í Reykjavík og áfram var haldið að hlú að samskiptum við grunnskólana í Fjarðabyggð með heimsóknunum og kynningum. (sjá nánar í 7. kafla).

Heimavist skólans þarf viðhald og hefur því verið sinnt af myndarskap. (sjá 6. kafla)

Brautskráning var í Kirkju – og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar á Eskifirði þann 20. maí. Þá brautskráðust 46 nemendur frá skólanum. Þeir skiptust svo eftir brautum: Félagsfræðibraut 5, húsnæði 1, hársnyrtiið 1, rafvirkjun 3, málaraið 1, leikskólaliðar 6, stuðningsfulltrúi í grunnskóla 1, náttúrufræðibraut 5, sjúkraliðar 14, starfsbraut 2 og vélvirkjun 5.

## 2. Nemendafjöldi, kennslumagn, námsframboð

### Vorönn 2012

Dagskóli – 216 nemendur, 98 kk, 118 kvk

- 3475 einingar kenndar
- 198,6 nemendaígildid

Kvöldskóli – 50 nemendur

- Tveir áfangar kenndir
  - 18 nemendur í STÆ243 (3 meistaranemar og 15 dagskólanemendur)
  - 3 nemendur í TÖL103 í iðneistaranámi
  - 13 nemendur á smáskipavélavárðarnámskeiði
  - 19 nemendur á smáskipanámskeiði
- 41 eining kennd
- 2,4 nemendaígildi

Alls 201 nemendaígildi á vorönn 2012  
4,6% brottfall á önninni

### Nemendur á vorönn 2012 (dag- og kvöldskóli) eftir brautum

Braut	Heiti brautar	Fjöldi
FB	Framhaldsskólabraut	9
FÉ	Félagsfræðibraut	60
GR	Grunnnám rafiðna	19
HG8	Hársnyrtiiðn - samningsbundið iðnnám	12
HÚ8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	15
LL	Námsbraut fyrir leikskólaliða	8
MG	Grunnnám málmíða	19
MKJ	Meistaránám í kjólasaumi	1
MRS	Meistaránám í rennismíði	1
MVS	Meistaránám í vélvirkjun	2
NÁ	Náttúrufræðibraut	23
SG	Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum	5
SJ	Sjúkraliðabraut	20
SJB	Sjúkraliðabrá	7
ST1	Starfsbraut	3
VS8	Vélvirkjun - iðnnám á verknámsbraut	11
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs	4

### Haustönn 2012

Dagskóli – 187 nemendur

- 99 kk
- 88 kvk
- 2990 einingar kenndar
- 170,9 nemendaígildi

5,3% brottfall á önninni

### Nemendur á haustönn 2012 eftir brautum

Braut	Heiti brautar	Fjöldi
FB	Framhaldsskólabraut	12
FÉ	Félagsfræðibraut	50
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreinar	5
GR	Grunnnám rafiðna	23

HG8	Hársnyrtiiðn - samningsbundið iðnnám	17
HÚ8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	5
LL	Námsbraut fyrir leikskólaliða	5
MBV	Meistaránám í bifvélavirkjun	1
MG	Grunnnám málmíðna	17
MHÚ	Meistaránám í húsasmíði	1
MRS	Meistaránám í rennismíði	1
NÁ	Náttúrufræðibraut	25
SG	Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum	4
SJ	Sjúkraliðabraut	5
SK	Skólaliðabraut	1
ST1	Starfsbraut	7
VS8	Vélvirkjun - iðnnám á verknámsbraut	3
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs	5

Meðaltal ársígilda árið 2012 var 186.

### 3. Starfsmannahald

Starfsmenn við stofnunina skiptast eftirfarandi:

- ✚ Skólameistari
- ✚ 34 kennarar í 22,46 stöðugildum á vorönn
- ✚ 26 kennarar í 18,83 stöðugildum á haustönn
- ✚ Áfangastjóri í 0,8 stöðugildi
- ✚ 1 kennari var í námsleyfi á vorönn
- ✚ Námsráðgjafi í 0,75 stöðugildi
- ✚ Fjármálastjóri, skólafulltrúi og húsvörður í 3 stöðugildum
- ✚ Kerfisstjóri í 0,5 stöðugildi
- ✚ 4 ræstitæknar í 3,6 stöðugildi
- ✚ Heimavistarstjóri og matráður í 1,4 stöðugildi

Á ársgrundvelli voru 31,7 stöðugildi við skólann.

Hægt er að lesa út úr stöðugildum v/ kennslu að margir kennarar eru í lágu starfshlutfalli. Með þessu móti tekst að manna þá kennslu sem þarf til að bjóða fjölbreytt nám.

Undanfarin ár hefur VA boðið upp á nám með vinnu og þá í gegnum fjarfundabúnað og kennsluvef. Þarna hafa stórir hópar farið í gegn og orðið skólanum lyftistöng. Nú er þessi brunnur nær þurrausinn og skólinn leitar nú nýrra tækifæra á þessum markaði bæði einn og sér og í samvinnu við aðrar menntastofnanir.

### 4. Framkvæmd skólasamnings/ársreikningur

Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 26.546 millj. Nemendaígildi ársins voru 186 eins og fyrr segir.

Leiðréttingar fyrir árið 2012 voru samtals 5.456 millj. sem skiptust þannig:

- vegna námsorlofs 2.956 millj.
- vegna nám er vinnandi vegur 1,008 millj.
- úr fjárákalgögum 1.854 millj.
- vegna vatnstjós 1 millj.

- uppgjör á íslenskukennslu fyrir útlendinga 481 þús
- v/ sérkennslu og ADL nemenda -1.844 millj.  
VA hefur gert alvarlega athugasemd við þessa skerðingu á framlagi til starfsbrautar. Það þurfti sama mannskap til starfa við brautina og árið. Nemendur voru ekki eins „þungir“ en fleiri. Þess vegna kom þessi niðurskurður bæði á óvart og illa við stofnunina.

Höfuðstóll í árslok 2012 er 21.802 millj.

Greiðslustaða við ríkissjóð 4.992 millj.

Fjárheimild VA árið 2012	
Höfuðstóll frá 2011	26.546
fjárlög ársins 2012	236.400
leiðréttingar innan ársins	5.456
	268.402

Áætlaður rekstur VA 2012	
aðrar rekstrartekjur	-3.303
sértekjur	-19.719
launagjöld	190.277
almennur rekstur	80.100
	247.355

## Styrkir og þróunarverkefni:

Skólanum bárust góðir styrkir til starfseminnar.

- ✚ Styrktarsjóður SÚN veitti skólanum styrk að upphæð 2 milljónum til kaupa á búnaði í verknámsdeildum skólans auk styrks til að koma á metnaðarfullum íþróttadegi í tilefni af hreyfingarþema í átakinu Heilsuefandi framhaldsskóli.

- ✚ Leikfélagið Djúpið í VA fékk góða styrki frá:

Umf. Agli rauða, SÚN, Alcoa Fjarðaáli, Fjarðabyggð og SVN.

## Þróunarverkefni:

Nemendur í ÞÝS 403 tóku þátt í verkefni styrktu af Comenius Evrópusambandsjóði. Nemendurnir fóru til Trier í Þýskalandi með nemendum úr FAS og ME og tveggja kennara. Nemendur dvöldu á heimilum í 13 daga þar ytra. Metnaðarfull dagskrá, undirbúningur og úrvinnsla gerði verkefnið mjög áhugavekjandi. Hópur 23 nemenda og tveggja kennara frá MPG-skólanum í Trier heimsótti svo Ísland í lok ágústmánaðar. Verkefninu lýkur haustið 2013.

## Samvinna við aðra:

Tillaga að nýrri framhaldsskólabraut leit dagsins ljós. Sú tillaga var samvinnuverkefni fjögurra skóla: Verkmennaskóla Austurlands, Menntaskólans á Ísafirði, Fjölbrautarskólans á Sauðárkróki og Framhaldsskólans í

Vestmannaeyjum. Stefnt er að því að fá þá braut samþykkt fyrir skólaárið 2013-2014.

Þá er alltaf nokkurt samstarf með framhaldsskólum á Austurlandi þótt engar sérstakar fjárveitingar séu lengur í slíkt samstarf.

Samstarf er við Austurbrú og Háskólann í Reykjavík um notkun á styrki frá Alcoa Fjarðaáli til eflingar verk- og tæknimenntunar.

## 5. Sjálfsmat

Lengst af hefur sjálfsmatsnefndin starfað eftir viðmiðum menntamálaráðuneytisins *Sjálfsmat skóla - Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar* (Menntamálaráðuneytið 1977) og má segja að það sem þar kemur fram heldur gildi sínu enn þann dag í dag borið saman við það sem fram kemur bæði í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (Rg. 700/210) og aðalnámskrá framhaldsskóla. Síðan þetta rit var gefið út hafa áherslur ráðuneytisins tekið nokkrum breytingum og í tölvupósti dagsettum 6. september 2012 fengust nýjar upplýsingar um viðmið fyrir sjálfsmat. Helstu breytingarnar eru aukin áhersla á svonefnda tímasetta umbótaáætlun. Við gerð sjálfsmatsáætlunar fyrir tímabilið 2013-2016 var miðað við skólanámskrá VA eins og hún lá fyrir í drögum þegar áætlunin var gerð.

Sjálfsmatið hefur alla tíð verið mjög gagnvirkt. Í þeim könnunum þar sem hafa komið fram ábendingar um úrbætur hefur verið bætt úr jafnharðan eftir því sem kostur hefur verið. Sem dæmi má nefna að á starfsmannafundi voru starfsmenn látnir forgangsraða úrbótum á húsnaði og aðstöðu. Beint í kjölfarið voru keypt inn húsgögn. Annað dæmi er þegar skipulagðir eru stórir viðburðir í skólanum s.s. árshátíð eða opnir dagar þá liggja fyrir kannanir frá fyrri slíkum viðburðum og er ávallt leitast við að taka tillit til athugasemda sem þar koma fram. Ekki má gleyma áfangamati sem fram fer í lok hverrar annar, þar sem metinn er einn áfangi hjá hverjum kennara. Niðurstöður áfangamats er síðan teknar fyrir í starfsmannaviðtölum.

## 6. Endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans

Á árinu 2012 voru gerðar margvíslegar endurbætur á húsakynnum og búnaði. Skólinn endurnýjaði borðtölvur (13) og fartölvur (13) og netþjóninn. Þá voru endurnýjaðir stólar og borð í tveimur kennlsustofum og stólar á bókasafni. Öflugt hljóðkerfi var sett upp í nýju fyrirlestrarstofunni.

Fasteignir ríkisins tóku vel til hendinni og flotuðu, slípuðu og lökkuðu steinteppið á gólfinu í setustofu nemenda og samliggjandi gangi. Þar var einnig málað. Skiplagi Verkkennsluhúss var breytt lítillga til hagræðingar og nemendaskápum komið haganlega fyrir. Í heimavistarhúsi voru öll salerni yfirfarin og skipt um neysluvatnslagnir bæði þar og í bóknámshúsi. Í heimavist virðist það verk ekki hafa lukkast vel.

Þá er ónefnt að laugardaginn 8. september gaf sig heitavatnslögn á salerni í stjórnunarálfu bóknámshúss. Heitt vatn flæddi um alla aðra hæð og gífurleg hitagufa myndaðist í stjórnunarrýminu. Óhappið uppgötvaðist er starfsmaður átti leið fram hjá húsinu og hafði þá vatnið flætt í a.m.k. 3 klst. Starfsfólk dreif að og menn hömuðust við að veita vatni burtu og bjarga gögnum. Tjón varð þó umtalsvert. Allt gólfefni eyðilagðist og allar hurðir og dyrastafir stórskemmdust. Húsgögn skemmdust en tölvubúnaður ekki sýnilega. Skólinn fékk 1 millj kr. í bætur, auk þess sem Fasteignir ríkisins endurnýjuðu gólfefni og gerðu við hurðir. Því verki er þó ekki að fullu lokið.

## 7. Áherslur í kennslu og starfssemi skólans

Mikið og fjölbreytt námsframboð er í VA miðað við nemendafjölda (samtal 18 námsbrautir).

Allt kennslufyrirkomulag var með svipuðu sniði árið 2012 og lýst var ítarlega í ársskýrslu ársins 2011. Óhjákvæmilegar sveiflur í nemendafjölda valda töluverðum erfiðleikum. Uppsveifla var skólaárið 2010 til 2011 og sinnti þá skólinn nemendafjölda töluvert umfram þau nemendaígildi sem honum eru reiknuð. Á haustönn 2012 varð fækkun á nemendum, en skólinn náði þó 186 ársígildum. Það er áhyggjuefni að e.t.v. munu ekki nást þau 184 nemendaígildi árið 2013 sem skólinn á að skila. Tryggja þarf að fjármagn til skólans verði aldrei minna en sem nemur 184 ársígildum til rekstur, það myndi auðvelda skólanum að taka á bæði upp og niður sveiflum í nemendafjölda.

Starfsbraut skólans er í sífelldri þróun og voru 7 nemendur skráðir á brautina skólaárið 2012- 2013. Enginn þessara nemenda flokkaðst sem „mjög þungur“. Reyndar var ekki stór munur á „þyngd“ sumra starfsbrautarnemenda og margra nemenda á framhaldsskólabraut. Þarna kristallast reyndar þættir í skólastarfi VA sem vert er að gefa gaum. Samkvæmt úttekt sem gerð var á námsárangri nemenda úr grunnskólum í Fjarðabyggð og sóttu annars vegar inn í VA og hins vegar annað til framhaldsskólánáms þá kom í ljós sláandi mismunur. Þeir nemendur sem sóttu til náms í VA voru með nær tveimur heilum lægri einkunn í kjarnagreinum en þeir nemendur sem sóttu í aðra framhaldsskóla! Þá eru ekki teknir með í reikninginn þeir nemendur sem höfðu stjórnmerkta einkunn úr grunnskóla en slíkir leituðu hlutfallslega mikið inn í VA. Nú má ekki misskilja þessi skrif sem svo að við í VA séum ósátt við að sinna þessum nemendum. Við erum vissulega hreykin af því að þroska þessa nemendur jafnvel þótt margir aðrir skólar líti þá hornauga. Það er hins vegar staðreynd að þessir nemendur telja ekki réttlátlega inni í reiknilíkaninu fyrir fjárveitingum til skólanna. Þar að auki ljúka nemendur á framhaldsskólabraut mun færri einingum á hverri önn en aðrir nemendur og skaffa þannig líka minni fjármuni til skólans þrátt fyrir þurfa meiri sanningu. Þess vegna hefur VA farið fram á það skriflega til ráðuneytis síns að fá auka fjármagn til að ráða sérkennara til starfs á hausti komanda (2013) en ekki fengið svar er þessi skýrsla er skrifuð.

Ekki er mikil hreyfing á kennaraliði skólans. Það veldur þó áhyggjum að erfitt er að manna stöður í verkkenningunni með réttindafólki og koma bág launakjör miðað við einkageirann þar helst til. Því tengt er svo sú staðreynd að í kjölfar hruns bankanna haustið 2008 og kreppunnar sem af því leiddi hafa stjórnvöld sparað í fjárveitingum til skólanna um 15%. Þetta hefur komið mest niður á launaliðnum (launastikunni) og viðhaldi tækjabúnaðar. Það þýðir auðvitað að verkkenninguskólar verða mun verr úti en bóknámskólar. Við bætist sú staðreynd að samkvæmt reglulegri úttekt Kennarasambands Íslands um laun kennara í framhaldsskólum þá eru kennarar í VA alltaf langlægstir ásamt einhverjum einum öðrum skóla. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um greiningu á því hvernig á þessum mun standi þá hafa ekki fengist viðunandi svör. Kennarar í VA standa þannig í þeirri meiningu að þeir séu lægra launaðir en kennarar almennt. Slíkt er ekki gott fyrir skólastarfið.

Mikil áhersla var lögð á kynningu á skólanum árið 2012. Grunnskólum boðið í heimsókn og nemendur skólans voru mjög sýnilegir í samfélaginu. Nemendafyrirlestrar voru í grunnskólum og „úti í bæ“, hárdeildin með öflugum útrás í skólum og verslunarmiðstöðvum (t.d. fléttudagur í Molanum) og íþróttaviðburðir áberandi. Sérstök áhersla var lögð á að kynna verknámið. Í því skyni var á haustdögum efnt til samstarfs við vinnuskóla sveitarfélags Fjarðabyggðar og skipulögð heil vinnuvika í byrjun júní 2013 þar sem allir nemendur í vinnuskólanum sem ljúka 9. bekk koma til vinnu í verknámsdeildum VA. Sjö öflug fyrirtæki í Fjarðabyggð standa við bakið á verkefninu með fjárstuðningi en skólinn og kennarar



hans sjá um allt skipulag á vettvangi. Sveitarfélagið greiðir svo nemendum laun. Þessi hugmynd kviknaði í námsferð starfsfólks VA til Svíþjóðar vorið 2012.

Nýjar áherslur voru í félagslífi skólans. Nemendur voru hvattir til að starfa í klúbbum að ýmsum hugðarefnum. Til þess fengu þau m.a. einn klukkutíma á besta skólatíma þ.e. á þriðjudögum kl 10:30 – 11:30. Nátengd félagslífinu er svo starfsemi LIA (listaakademíunnar) og ÍPA (íþróttakademíunnar). Báðir þessir áfangar voru með öflugt starf sem skilaði sér ekki síst inn í félagslífið. LIA starfaði með nýju sniði þannig að haldin voru fjögur námskeið á haustönninni í leiktjaldamálun, söng, framsögn og leiklist. Þetta skilaði sér svo á vorönninni 2013 í frábærri uppfærslu á söngleiknum GREASE (GRÍS) sem hlaut meðaðsókn á sjö sýningum.

Haustið 2011 varð VA heilsueflandi framhaldsskóli, sjónum var þá beint að næringu nemenda. Skólanum hlotnaðist svo bronsið fyrir næringu vorið 2012 og stefnir á silfrið árið 2013. Þá fór ÍPA mikinn á haustdögum 2012 og stefnir einnig að silfri á árinu 2013.

## 9. Heimavist

Heimavist Verkmenntaskólans er stórt og þungt húsnæði í rekstri. Þar er stöðug þörf á viðhaldi og endurbótum. Í upphafi árs 2012 voru gluggar og póstar verið þéttir og lagaðir.

Á vorönn 2012 voru 35 nemendur á heimavistinni en 14 nemendur á haustönn. Heimavistarstjóri býr ekki á vistinni en kennari í sem býr í íbúð á vistinni tekur þátt í gæslu. Nýr matráður var ráðinn haustið 2012. Kennarar og aðrir nemendur sem ekki búa á heimavist geta keypt mat í mötuneyti heimavistar í hádeginu. Nettenging á heimavist var enn bætt á árinu. Fasteignir ríkissjóðs endurnýjuðu tæki í eldhúsi, uppþvottavél og ofn.

## 10. Lokaorð

Beðist er velvirðingar á því hve seint skýrslan berst. Rétt er að leggja áherslu á að skólinn vill sækja fram á verknámsbrautum. Þar er við ramman reip að draga einkum hvað varðar aðsókn á þessar brautir. Undirritaður vill einnig benda á mikilvægi þess að stjórnvöld menntamála styðji á öllum tímum við þessa viðleitni með öflugum hætti.

*Fjarðabyggð 16. apríl 2013.*

---

*Þórður Júlíusson  
Skólameistari  
Verkmenntaskóla Austurlands*